

Dómsorð:

Stefndi, Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar, greiði stefnanda, Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags svo og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. febrúar 1971.

Nr. 10/1971. **Saksóknari ríkisins**
 gegn
Yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Lagt fyrir yfirsakadómarann í Reykjavík að heyja dómsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1971. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn um ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti í Reykjavík hinn 29. maí 1969.

Skjöl málsins bærust Hæstarétti frá yfirsakadómarara 28. janúar 1971, en greinargerð saksóknara ríkisins 3. þ. m.

Astæður þær, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, valda eigi því, að synja beri um dómsrannsókn, sbr. 74. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Lagt er fyrir yfirsakadómarann í Reykjavík að heyja framangreinda dómsrannsókn.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7, af Þórði Björnssyni yfirsakadómarara kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

I.

Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns nr. 152, dags. 29. maí 1969, sá hann, hvar bifreiðin R 17711 stóð þann dag kl. 1640 við stöðumæli nr. 296 í Austurstræti hér í borg, og var rautt merki á skífu mælisins.

Gjald fyrir afnot af stöðumælareit þessum var þá kr. 2.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur, sbr. auglýsingu nr. 28 8. febrúar 1966, 1. lið (Stjórnartíðindi 1966, B deild, bls. 75).

Samkvæmt starfsvenjum hefur lögregluþjónninn sett á bifreiðina lítinn miða, útgefinn í nafni lögreglunnar í Reykjavík og undirritaðan af honum með einkennistölu sinni, nr. 152, þar sem ökumanni bifreiðarinnar var tilkynnt um þessa stöðu bifreiðarinnar og að hann hefði ekki fylgt reglum um stöðumæla. Á miðanum er vísað til bakhliðar hans, þar sem prentað er meðal annars:

„Skv. heimild í reglugerð um stöðumæla, 6. gr., er yður gerður kostur á að ljúka framangreindu máli með greiðslu 50 kr. aukaleigugjalds í stöðumælasjóð. Ef þér fallizt á þá málsmeðferð, ber yður að undirrita tilkynningu þessa og greiða gjaldið í skrifstofu lögreglustjórans innan viku. Sé um ítrekað brot að ræða af yðar hendi, er heimilt að beita sektum, er nemi hærri upphæð en að framan greinir. Fallist þér ekki á málsmeðferð þessa, mun kæra send sakadómarara með venjulegum hætti“.

Greiðsla augaleigugjaldsins barst eigi.

Lögreglustjóri ritaði þá skráðum eiganda bifreiðarinnar, Rafni Sigmundssyni, Stigahlíð 14 hér í borg, bréf, dags. 4. júlí 1969, og segir í því meðal annars:

„Samkvæmt skýrslu, sem mér hefir borizt, hefir framangreind bifreið yðar staðið ólöglega við stöðumæli nr. 296 við Austurstræti 29. maí 1969, kl. 16.40.

Samkvæmt tilkynningu, sem fest var á bifreiðina, var ökumanni hennar gefinn kostur á að ljúka máli út af brotinu með greiðslu aukaleigugjalds innan viku. Því boði hefir eigi verið sinnt.

Ökumanni bifreiðarinnar er hér með gefinn kostur á að ljúka máli þessu án dómsmeðferðar með greiðslu sektar, kr. 200.00, til ríkissjóðs, og þarf þá sektargreiðslan að hafa borizt skrifstofu minni, Pósthússtræti 3, Reykjavík, fyrir 18. júlí 1969 ásamt bréfi þessu, undirrituðu af ökumanni.

Ef ökumaðurinn vill eigi una þessum málalokum, er þess óskað, að ástæður séu tilgreindar skriflega. Málið verður sent sakadómi með venjulegum hætti, ef greiðsla berst ekki innan tiltekins frests“.

Með bréfi lögreglustjóra, dags. 18. nóvember s.l., var málið ásamt mörgum öðrum afritum af stöðumælamiðum og sektarboðum sent til sakadóms Reykjavíkur, og segir í niðurlagi bréfsins: „Hlutaðeigendur hafa allir verið boðaðir, sbr. stimplun þar um á afritum, en boðunum hefur ekki verið sinnt“.

Á afriti fyrrgreinds sektarboðs frá 4. júlí 1969 er stimpill um boðun 22. júlí 1970.

Með bréfi, dags. 24. nóvember s.l., sendi dómurinn málið saksóknara til ákvörðunar, og með bréfi hans, dags. 30. s. m., krafðist hann þess, „að mál þetta verði tekið til rannsóknar, svo sem framkomin kæra veitir efni til, og því lokið, ef þess er kostur, með þeim hætti, sem dómara er heimilt skv. 1. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966“.

Sakadómurinn hefur talið rétt, að úrskurður gengi um þessa kröfu saksóknara, og með bréfi, dags. 7. desember s.l., gaf dómurinn honum kost á að skýra mál sitt frekar, áður en úrskurður gengi.

Í svarbréfi saksóknara, dags. 10. sama mánaðar, segir meðal annars:

„Með því að í máli þessu er um að ræða kæru um refsiverða háttsemi á hendur ökumanni nefndrar bifreiðar umrætt sinn, sem eigi hefur sinnt kvaðningu lögreglustjóra, sem beint var til skráðs eiganda bifreiðarinnar, er af ákærvaldsins hálfu með vísan til 1. og 2. mgr. 73. gr. og 74. gr. nefndra laga nr. 82/1961 ítrekuð framangreind krafa um rannsókn málsins, sem ætla má, að leiði til þess, að unnt verði fyrir dómara að ljúka málinu með þeim hætti, sem heimilaður er í nefndri 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, en kæruefnið lýtur að ætluðu broti á 3. mgr. 65. gr., sbr. 1. mgr. og 6. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. reglur um stöðumæla í Reykjavík nr. 185/1966“.

Með bréfi, dags. 10. s. m., til lögreglustjóra óskaði dómurinn eftir því, að hann gæfi dóminum upplýsingar um nokkur tiltekin atriði og meðal annars um sendingu sektarboða og hátt boðana af hálfu lögreglunnar.

Í svarbréfi lögreglustjóra, dags. 7. þ. m., sem barst dóminum 11. þ. m., segir meðal annars svo:

„Frumrit sektarboða er ávallt póstlagt og sent í almennu bréfi.

Sektarboð er ávallt fyrst sent til þess aðila, sem skráður er eigandi samkvæmt bifreiðaskrá. Nokkuð kveður að tilkynninga-vanrækslu varðandi eigandaskipti að skráðum ökutækjum. Þegar slík vanræksla upplýsist, er sektarboð endurútsent í samræmi við leiðréttingu. „Hlutaðeigandi“ á því alltaf að merkja raunverulegan eiganda bifreiðar.

Boðun hefur verið þannig háttað, að fyrst hefur hlutaðeiganda verið send skrifleg kvaðning í almennum pósti. Hafi þeirri kvaðningu ekki verið sinnt, hefur verið haft símasamband við hlutaðeiganda.

Frá miðjum okt. s.l. hefur verið horfið frá skriflegri kvaðningu sem aðalreglu, en eingöngu til hennar gripið, ef ekki tekst að ná til viðkomanda í síma.

Athugasemdalaus stimplun um boðun á afrit sektarboðs þýðir, að náðst hefur símasamband við hlutaðeiganda persónulega.

Dagsetning á boðunarstimpli merkir þann dag, sem hlutaðeiganda hefur verið gert að mæta“.

Með nefndu bréfi lögreglustjóra fylgdi sýnishorn skriflegrar kvaðningar í því formi, sem tíðkað hefur verið frá ársbyrjun 1969, og er efni hennar þannig:

„Hér með eruð þér kvaddir til að mæta á lögreglustöðinni, Hverfisgötu 115, Snorrabrautarmegin (dagur og klukkustund tiltekin) til viðtals við (mannsnafn).

Athugið: Mjög áriðandi að mæta eða tilkynna forföll.

Sýnið kvaðningu, er þér mætið“.

II.

Kemur þá til athugunar krafa saksóknara um, að mál þetta verði tekið til rannsóknar.

1. Telja verður, að brot gegn ákvæðum laga og reglna um stöðu bifreiða við stöðumæla fyrnist á tveimur árum, sbr. 81. gr., 1. tl., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er því sakar-

efni það, sem hér er kært, enn ófyrnt að lögum. Sakadómur Reykjavíkur hefur þó í framkvæmd beitt ákvæðum þessum frjálstlega, ef sakarefni hefur verið mjög smávægilegt, fyrning þess verið mjög farin að nálgast og ekki öruggt, hver sökunautur hefur verið.

2. Hin ætlaða óleyfilega bifreiðarstaða er talin hafa átt sér stað 29. maí 1969, en er ekki kærð til dómsins fyrr en 18. nóvember 1970, eða tæplega einu og hálfu ári síðar. Á þessum tíma hefur tvennt verið gert: Hinn 4. júlí 1969 var sent sektarboð í almennu pósthrefti heim til skráðs eiganda bifreiðarinnar. Þá virðist mega ráða af fyrrnefndu hrefti lögreglustjóra frá 7. þ. m., að eigandi bifreiðarinnar hafi verið tvívegis boðaður til lögreglunnar, fyrst með skriflegri kvaðningu í almennu pósthrefti og síðan í símtali og þá verið kvaddur til að mæta á lögreglustöð 22. júlí 1970. Það er þó eigi vitað, hvort pósthreftin tvö hafi komizt í hendur bifreiðareigandans, og engar upplýsingar liggja fyrir um orðaskipti þeirra manna, sem áttu símtal saman, eða hverjir þeir hafi verið.

Annað hefur ekki verið gert á þessum tíma til að reyna að hafa uppi á ökumanni bifreiðarinnar í þetta skipti, og er ekki vitað, hver hann hefur verið, en með hverjum mánuði, sem liðið hefur, hafa minnkað líkurnar fyrir því, að takast mætti að finna hann.

3. Í 1. gr. laga nr. 29/1966, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, segir, að lögreglustjóri geti hreftlega innan mánaðar, frá því að honum barst kæra, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu sektar, en synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara. Ákvæði þetta sýnir, að kærumál þau, sem mega sæta þessari afgangi greiðslu, ber að reka með eðlilegum hraða og að vísa ber þeim þegar til dómara, ef sökunautur synjar sektarboði lögreglustjóra eða sinnir ekki þeim málalokum.

Misbrestur hefur orðið í þessu efni á meðferð kæru þeirrar, sem hér er fyrir dómi. Dómurinn getur þó eigi færzt undan því að hefjast handa um rannsókn af þeirri ástæðu einni, að dregizt hefur úr hömlu að leggja hana fyrir dóminn, og þar með dregið úr möguleikum þess, að unnt sé að sanna sakaratriði.

4. Nú er svo komið, vegna þess hve langt er liðið síðan hið kærða brot á að hafa átt sér stað, að ekki er réttmætt að ætlast til þess, að eigandi bifreiðarinnar geti sagt um, hvort hann hafi verið ökumaður hennar í umrætt skipti eða hver hafi þá verið

ökumaðurinn. Einnig er varhugavert að telja fullvíst, að stöðumælamiði hafi verið á bifreiðinni, þegar ökumaðurinn hefur komið aftur að henni, eða að hann hafi fengið með öðrum hætti vitneskju um framkomna kæru. Þegar af þessum ástæðum væri rannsókn, sem hafizt yrði handa um nú, óeðlileg miðað við smæð sakarefnis.

5. Mikilvægi þess, að gerður sé reki að ætluðu stöðumælabroti, má eigi verða til þess, að eigandi eða ökumaður bifreiðar gæti haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann fengi ekki að njóta að fullu ákvæða réttarfarslaga sökunaut í hag, en seinustu áratugi hefur aukizt mjög réttur sakborinna manna, sbr. lög nr. 27/1951, nú lög nr. 82/1961, og auglýsingu nr. 11/1954. Hætta gæti verið á því, að réttur sökunautar í þessu efni yrði eigi nægilega virtur, ef nú loks yrði hafizt handa um rannsókn margnefnds sakarefnis, meðal annars á þann veg að torvelða möguleika hans á því að færa fram varnir, sem hann ella kynni að hafa getað haft uppi, ef rannsókn málsins hefði hafizt miklu fyrr.

6. Þegar virt er það, sem rakið er hér að framan, telur dómurinn sér ekki fært að verða við kröfu saksóknara um að taka til rannsóknar ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti hér í borg 29. maí 1969 og synjar kröfu hans um þá rannsókn.

Ályktarorð:

Sakadómur Reykjavíkur synjar kröfu saksóknara ríkisins um að taka til rannsóknar ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti í Reykjavík 29. maí 1969.